

Þriðjudaginn 10. mars 1992.

Nr. 83/1992. **Ólafur Jónsson**

gegn

Stefáni Jónssyni.

Kærumál. Vixilmál. Varnir. Aðilaskýrsla.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Garðar Gíslason og Gunnar M. Guðmundsson.

Sóknaraðili skaut máli þessu til Hæstaréttar með kæru 18. febrúar 1992, sem barst Hæstarétti 25. s. m. Kærður er úrskurður aukadómþings Rangárvallasýslu 10. febrúar 1992, sem kveðinn var upp af Harra Ormarssyni, fulltrúa sýslumanns. Kæruheimild er í c-lið 1. tl. 1. mgr. 21. gr. laga nr. 75/1973 um Hæstarétt Íslands.

Sóknaraðili krefst þess, að hinum kærða úrskurði verði hrundið og lagt fyrir héraðsdómara að leyfa spurningu þá, sem lögð var fyrir varnaraðila og fram kemur í hinum kærða úrskurði. Þá krefst sóknaraðili kærumálskostnaðar.

Varnaraðili krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði staðfestur. Þá krefst hann kærumálskostnaðar.

I.

Mál þetta er höfðað fyrir aukadómþingi Rangárvallasýslu með áskorunarstefnu, sem birt var 27. mars 1991. Krafist er greiðslu á skuld samkvæmt víxli. Sóknaraðili er samþykkjandi víxilsins, en varnaraðili útgefandi hans. Í áskorunarstefnunni er meðal annars vísað til laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði með síðari breytingum og víxillaga nr. 93/1933.

Af hálfu sóknaraðila var tekið til varna, og skilaði hann greinargerð 22. maí 1991. Í greinargerð varnaraðila, sem lögð var fram í málinu 19. júní 1991, var tekið fram, að málið væri rekið sem víxilmál eftir 17. kafla laga nr. 85/1936, og því mótmælt, að varnir sóknaraðila kæmust að.

II.

Í 17. kafla laga nr. 85/1936 eru ákvæði, sem veita handhöfum tiltekinna viðskiptabréfa það réttarfarshagræði, að takmörkuðum

vörnum verður við komið í málum, þar sem byggt er á þeim.

Í 207. gr. laga nr. 85/1936 segir meðal annars svo:

„Mál, er fara eftir þessum kafla, eru:

1. Víxilmál, en þau eru:

a. Mál gegn útgefendum, framseljendum og samþykkjendum víxla á hendur öðrum manni,...“.

Mál þetta er höfðað gegn samþykkjanda víxils á hendur öðrum manni og er því víxilmál. Varnaraðili gat þess ekki í áskorunarstefnu, að málið yrði rekið eftir 17. kafla laga nr. 85/1936, svo sem gleggst hefði verið. Með vísan til orða 207. gr. laga nr. 85/1936 verður málið þó rekið sem víxilmál eftir 17. kafla, sbr. Hrd. 1874, 141.

Sóknaraðili hefur ekki sýnt fram á, að spurning sú, er lögmaður hans beindi til varnaraðila í þinghaldi 7. febrúar 1992 og varð tilefni hins kærða úrskurðar, varði varnir, sem megi hafa uppi í víxilmáli gegn mótmælum varnaraðila, sbr. 208. gr. laga nr. 85/1936.

Það athugast, að þess var ekki getið í þingbók, þegar sóknaraðili skilaði greinargerð 22. maí 1991, að málinu væri vikið til almennrar eða sérstakrar meðferðar einkamála, svo sem skylt var samkvæmt 1. mgr. 230. gr. laga nr. 85/1936, sbr. 26. gr. laga nr. 54/1988.

Þá verður ekki séð af endurritum af bókunum í málinu, að skýrslutaka sú, er fram fór í þinghaldi 7. febrúar sl., hafi verið liður í aðalmeðferð málsins, en samkvæmt 111. gr. laga nr. 85/1936, sbr. 16. gr. laga nr. 54/1988, skulu skýrslutökur og munnlegur flutningur máls að jafnaði fara fram í einni lotu.

Með þessum athugasemdum ber að staðfesta hinn kærða úrskurð.

Rétt er, að sóknaraðili greiði kærumálskostnað, svo sem segir í dómsorði.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Sóknaraðili, Ólafur Jónsson, greiði varnaraðila, Stefáni Jónssyni, 25.000 krónur í kærumálskostnað.

Úrskurður aukadómpings Rangárvallasýslu 10. febrúar 1992.

Mál þetta, sem þingfest var 3. apríl 1991 og tekið til úrskurðar 7. febrúar sl., er höfðað af Stefáni Jónssyni, kt. 261134-2179, Mjósundi 16, Hafnar-

firði, gegn Ólafi Jónssyni, kt. 030708-4239, Oddhóli, Rangárvöllum, með áskorunarstefnu, birtri 27. mars 1991.

Dómkröfur stefnanda eru, að stefndi greiði stefnanda 312.000 kr. með drv. skv. 3. kafla l. 25/1987, einkum 10. gr., 12. og 14. gr. laganna, sbr. 5. gr. l. 67/1989, frá 1. 4. 1988 til greiðsludags skuldar. Auk þess er krafist málskostnaðar skv. gjaldskrá LMFI og að málskostnaðarfjárhæðin beri drv. skv. III. kafla vaxtalaga frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags að viðbættum virðisaukaskatti, sbr. l. 50/1988.

Dómkröfur stefnda eru þessar:

Að stefndi verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda og að stefnanda verði gert að greiða stefnda málskostnað allan í samræmi við málskostnaðarreikning, sem lagður verði fram síðar í málinu, og að tildæmdur málskostnaður beri frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags dráttarvexti skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987.

Við skýrslutökur af stefnanda fyrir dómi 7. febrúar sl. spurði lögmaður stefnda, Helgi Birgisson hdl., stefnanda að því, hvort hann hefði greitt stefnda fyrir húsnæði og fæði og umönnun fjögurra hrossa þann tíma, sem stefnandi bjó á Oddhóli. Stefnandi mótmælti þessari spurningu sem málinu óviðkomandi, enda væri málið rekið skv. 17. kafla laga nr. 85/1936. Lögmaður stefnda taldi, að málið væri ekki rekið skv. tilvitnuðum kafla l. nr. 85/1936, enda væri þess ekki getið í stefnu, og óskaði eftir úrskurði dómara um skyldu stefnanda til að svara spurningunni.

Álit réttarins.

Mál þetta er höfðað til innheimtu skuldar skv. vixli. í 208. gr. laga nr. 85/1936 eru tæmandi taldar þær varnir, sem að komast í víxilmálum. Stefnandi gat þess í stefnu, að málið væri rekið skv. l. nr. 85/1936. Þess var og getið í greinargerð stefnanda, að málið væri höfðað á grundvelli 17. kafla laga nr. 85/1936. Telja verður það nægilega tilgreint, svo að málið teljist rekið skv. 17. kafla tilvitnaðra laga. Fallast verður því á það með stefnanda með tilvísun til 208. gr. og 3. mgr. 115. gr. laga nr. 85/1936, að spurning sú, sem hér er deilt um, sé málinu óviðkomandi, enda er hér um varnir að ræða, sem ekki komast að í víxilmáli. Stefnanda er því óskýlt að svara spurningu stefnda.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Stefnanda skal óskýlt að svara spurningu stefnda, þar sem hún hefur ekki þýðingu í máli þessu.